

Föstudaginn 27. janúar 1995 kl. 14:00

Ákvörðun nr. 4/1995

Auglýsingar Hapdrættis SÍBS

Þann 3. janúar s.l. barst Samkeppnisstofnun erindi frá Auglýsingastofnunni Argusi þar sem beðið var um að stofnunin tæki til umfjöllunar auglýsingar frá Hapdrætti SÍBS og úrskurðaði hvort auglýsingarnar brjóti í bága við samkeppnislög. Í bréfinu er bent á þær fullyrðingar sem auglýsingastofan gerir athugasemdir við.

Samkeppnisstofnun gaf Hapdrætti SÍBS kost á því að koma athugasemdum sínum á framfæri. Einnig fékk auglýsingastofa Hapdrættis SÍBS, auglýsingastofan Hér og Nú, afrit af bréfinu þannig að hún gæti jafnframt komið athugasemdum á framfæri. Athugasemdir Hapdrættis SÍBS bárust með bréfi dags. 7. janúar s.l. Svar auglýsingastofunnar Hér og Nú barst með ódagsettu bréfi þann 10. janúar s.l. Í því bréfi er jafnframt óskað eftir því að Samkeppnisstofnun taki til meðferðar auglýsingar Hapdrættis Háskóla Íslands. Auglýsingastofnunni Argusi og Hapdrætti Háskóla Íslands voru send afrit bréfa frá Hapdrætti SÍBS og auglýsingastofunni Hér og Nú. Auglýsingastofan Argus sendi stofnuninni viðbótarathugasemdir með bréfi dags. 13. janúar s.l.

Á fundi auglýsinganefndar þann 17. janúar var eftirfarandi samþykkt:

"1. Í auglýsingum hapdrættis SÍBS er fullyrt: "Eina hapdrættið þar sem hæsti vinningurinn gengur örugglega út".

Hapdrætti SÍBS er ekki eina hapdrættið þar sem hæsti vinningur gengur örugglega út.

Fullyrðingin í auglýsingunni stenst því ekki og brýtur í bága við 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

2. Einnig er fullyrt: "Hann leggst við þann hæsta í næsta mánuði þar til sá heppni hreppir hann margfaldan".

Hér er um villandi fullyrðingu að ræða. Vinningurinn sem ekki gengur út leggst við hæsta vinning í næsta mánuði en hann margfaldast ekki.

Hér er því um brot á 21. gr. samkeppnislaga að ræða.

3. Fullyrt er að SÍBS sé "eina stórhappdrættið þar sem hæstu vinningarnir gangi örugglega út allt árið".
Fullyrðingin stenst ekki. Hér er því um brot að ræða á 21. gr. samkeppnislaga.

4. Happdrættið fullyrðir: "mestu vinningslíkur í íslensku stórhappdrætti" og "hvergi meiri vinningslíkur".
Þessar fullyrðingar eru ósannaðar og brjóta því í bága við 21. gr. samkeppnislaga.

Auglýsinganefnd leggur því til að Samkeppnisráð banni ofangreindar fullyrðingar í auglýsingum Happdrættis SÍBS."

Ákvörðunarorð:

"Vegna auglýsinga happdrættis SÍBS að undanfögnu samþykktir Samkeppnisráð eftirfarandi:

1. Í auglýsingum happdrættis SÍBS er fullyrt: "Eina happdrættið þar sem hæsti vinningurinn gengur örugglega út".

Happdrætti SÍBS er ekki eina happdrættið þar sem hæsti vinningur gengur örugglega út.

Fullyrðingin í auglýsingunni stenst því ekki og brýtur í bága við 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

2. Einnig er fullyrt: "Hann leggst við þann hæsta í næsta mánuði þar til sá heppni hreppir hann margfaldan".

Hér er um villandi fullyrðingu að ræða. Vinningurinn sem ekki gengur út leggst við hæsta vinning í næsta mánuði en hann margfaldast ekki.

Hér er því um brot á 21. gr. samkeppnislaga að ræða.

3. Fullyrt er að SÍBS sé "eina stórhappdrættið þar sem hæstu vinningarnir gangi örugglega út allt árið".

Fullyrðingin stenst ekki. Hér er því um brot að ræða á 21. gr. samkeppnislaga.

4. Hapdrættið fullyrðir: "mestu vinningslíkur í íslensku stórhapdrætti" og "hvergi meiri vinningslíkur".

Þessar fullyrðingar eru ósannaðar og brjóta því í bága við 21.gr. samkeppnislaga.

Samkeppnisráð bannar samkvæmt heimild í 51. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 auglýsingar Hapdrættis SÍBS sem hafa að geyma fullyrðingar eins og lýst er hér að ofan."

[Máli þessu var áfrýjað; sjá Úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli [nr. 7/1995](#)]